

## Fundargerð stjórnar SOS nr. 313

**Staður:** Fundarsalur SASS að Austurvegi 56, Selfossi

**Dagsetning og tími:** 22. september 2022 kl. 15:00.

Mætt voru: Anton Kári Halldórsson (AKH), formaður, Ása Valdís Árnadóttir (ÁVÁ), Bragi Bjarnason (BB), Fjóla St. Kristinsdóttir (FSK), og Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir (DSS) sem ritaði fundargerð.

### 1. Undirbúningur fyrir aðalfund SOS 28. okt. 2022

Undirbúningur dagskrár aðalfundar. Farið yfir drög að ársskýrslu, fjárhagsáætlun og gjaldskrá. Breytingar gerðar til samræmis við umræður á fundinum. Formanni og framkvæmdarstjóra falið að vinna tillögur fyrir dagskrá fundarins um nýtingu fjármuna í sameiginleg verkefni, til dæmis vegna hringrásarhagkerfis og hræbrennslu.

### 2. Erindi Flóahrepps v. Orkugerðarinnar

Rætt um erindi sveitarstjóra Flóahrepps vegna kvartana um lyktarmengun frá starfsemi Orkugerðarinnar. Búið er að koma erindinu í farveg og unnið er að úrlausn. Framkvæmdarstjóri Orkugerðarinnar hefur fundað með sveitarstjóranum um sama efni eftir að erindið barst. Ákveðið að óska eftir að framkvæmdastjóri Orkugerðarinnar komi inn á fund stjórnar SOS til að kynna starfsemina. Stjórn leggur áherslu á að lágmörkuð verði lyktarmengun og önnur umhverfisáhrif af starfsemi Orkugerðarinnar á svæðinu.

### 3. Móttaka efnis úr fituskiljum

Það vantar farveg fyrir móttöku efnis úr fituskiljum. Formanni falið að afla upplýsinga frá Orkugerðinni um möguleika á þeirra aðkomu vegna slíkrar móttöku.

### 4. Samráðsvettvangur sorpsamlaga á SV landi – Fundargerð 14.09.2022

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

### 5. Önnur mál

Rætt um mögulegar vettvangsferðir.

Stjórn samþykkir að næstu fundir stjórnar verið haldnir með eftirfarandi hætti

- Höfn í Hornafirði 26. október næstkomandi.
- Hvolsvelli 21. nóvember næstkomandi. Farið verður í skoðunarferðir til Orkugerðarinnar og Sorpstöðvar Rangárvallarsýslu á Strönd.

Fundi slitið klukkan 16:26.